

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Spóavegur 12, nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 18. júlí 2024, deiliskipulag fyrir Spóaveg 12. Gert er ráð fyrir uppbyggingu bændagistingar í fjórum smá-hýsum ásamt tækni- og þjónustuhúsi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sambyggð 20, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 29. ágúst 2024 óverulega breytingu á deiliskipulaginu Sambyggð. Breytingin lítur að stækkun byggingarreits á lóðinni Sambyggð 20. Tilgangur stækkunarinnar er að hægt sé að koma fyrir svölum, stigahúsi og stakstæðri hjólageymslu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þóroddsstaðir 2, lóð D, nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 29. ágúst 2024 deiliskipulag fyrir lóðina Þóroddsstaði 2, lóð D, þar sem lóðinni er skipt í tvo hluta, markaður byggingarreitur fyrir íbúðarhús og bílskúr á annarri en 9 ferðapjónustuhús á hinni. Samtals allt að 1.450 fermetrar á báðum lóðunum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hveradalir, lögn sunnan við þjóðveg, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 18. júlí 2024 breytingu á deiliskipulagi Hveradala. Breytingin felur í sér heimild til að leggja niðurrennsislögn að Gráuhnúkum, meðfram gamla þjóðveginum og þaðan að borholum nærri Lakahnúkum og borholum nærri Gígahnúk. Lögnin mun verða grafin í jörðu, um leið sem þegar hefur verið raskað og því eru umhverfisáhrif í lágmarki.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 12. september 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.